



GARÐABÆR

Rýnihópar um þjónustu Garðabæjar

Maí - júní 2017

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026

G<sup>i</sup>

TIL AÐ VERA VISS

## Markmið

Meginmarkmið rýnihópanna er að öðlast dýpri skilning á upplifun ólíkra hópa fólks af þjónustu Garðabæjar, sérstaklega þeim þjónustupáttum sem komu ekki vel út í Sveitarfélagakönnun Gallup 2016.

## Samantekt

Niðurstaða hópanna er að þjónustan í Garðabæ þykir góð á mörgum sviðum og framúrskarandi á til dæmis leik- og grunnskólastigi að undanskildum ábendingum um lélegt húsnæði. Aftur á móti eru næg tækifæri til þess að gera betur í þjónustu við fatlað fólk með því að sinna betur upplýsingagjöf til aðstandenda, fjölga úrræðum í Garðabæ sjálfum í stað nágrannasveitarfélaga og auka aðgengi að því starfsfólki Garðabæjar sem stýrir þjónustunni. Þá má bæta húsnæðismál fatlaðra í Garðabæ.

Það var nokkrum sinnum minnst á að Garðabær væri um marga hluti afskaplega einsleitt bæjarfélag og var umræðan neikvæð um áhrif þess. Stærð og tegund húsnæðis væri einsleitt, lítið væri um fjölbreytni íbúa í bæjarfélaginu og það væru fá félagsleg úrræði. Að auki var nefnt að áhersla á íþróttafélagið Stjórnuna væri mikil og því minni gróska í öðru íþrótta- og tómstundastarfi, til dæmis eftir skóla.

Helstu úrbótatækifæri Garðabæjar liggja í aukinni upplýsingagjöf. Það mætti koma á fót reglulegum upplýsingafundum þar sem viss málefni væru tekin skipulega fyrir í hvert sinn.

## Nánari upplýsingar

Matthías Þorvaldsson (matthias@gallup.is), sími 8601003

Ólafur Elínarson (olafur.elinarson@gallup.is), sími 8601078

## Þátttakendur og framkvæmd



- Þátttakendur voru valdir úr skráum frá Garðabæ. Þeim sem sögðust eiga erfitt með að tjá sig í hóp var ekki boðin þátttaka. Erfitt reyndist að fylla hóp 2 eingöngu með fólki sem hafði átt erindi við bæjarskrifstofur Garðabæjar, því var valin sú leið að hafa hópinn samsettan úr barnafólki og fólki sem hafði átt erindi við bæjarskrifstofur.



- Hópur 1: Fólk sem á börn á leik- og/eða grunnskólaaldri
- Hópur 2: Fólk sem hefur átt erindi við bæjarskrifstofur Garðabæjar
- Hópur 3: Fólk sem hefur nýtt þjónustu við fatlað fólk í Garðabæ
- Hópur 4: Fólk sem hefur nýtt sér þjónustu við aldraða í Garðabæ



- Hópur 1: 19. maí 2017, kl 17:30 – 19:00
- Hópur 2: 19. maí 2017, kl 19:30 – 21:00
- Hópur 3: 26. maí 2017, kl 17:30 – 19:00
- Hópur 4: 26. maí 2017, kl 19:30 – 21:00

## Hvernig fór rýnihópurinn fram?

Rýnihóparnir fóru fram í sérútbúnu fundarherbergi hjá Gallup og fylgdust fulltrúar frá verkkaupa með í öðru herbergi þar sem hægt var að sjá og heyra hvað fór fram. Stóð hver hópur í um 90 mínútur.

## Almennt um Garðabæ – ímynd – top of mind

- Langflestir jákvæðir gagnvart Garðabæ.
- Það sem kom fyrst upp í hugann: Stjarnan, fjölskyldur, grænt umhverfi, fjölskylduvænt, góður bær.
- Einsleitt samfélag sem þótti ekki jákvætt.

Margir þættir þóttu bera þess merki að Garðabær stæði betur fjárhagslega en nágrannasveitarfélögin, til að mynda góðir skólar og leikskólar og myndarlegur stuðningur við íþróttafélagið Stjörnuna. Aftur á móti var ágreiningur um hvort það væri dýrt eða ódýrt að búa í Garðabæ. Það sem var talið hagkvæmt var ódýrari dagmæður, lægra útsvar og val um sumarfrí. Á hinn bóginn töldu sumir þátttakendur of dýrt að búa í Garðabæ og nefnt dýrar tómstundir og ýmis gjöld nefnd. Þá væri lítið af ódýrari úrræðum fyrir til dæmis yngra fólk. Íbúðaframboð væri einhæft og dýrt.

Ítrekað var nefnt í hópunum að Garðabær væri einsleitt samfélag fyrir vel stætt fólk og nefnt að útlit og hegðun til dæmis ungmenna væri dæmi um það þar sem flest væru með íphone síma og í 66°N úlpum og fólk æki um á Land Rover Discovery.

Í Garðabæ þykir vanta miðbæ, sá miðbær sem er þó til staðar þykir lítt skemmtilegur eða spennandi.

### Er Garðabær með miðbæ?

„Nei. (margir þátttakendur)“

„Þeir eru að reyna að búa hann til. (kvk)“ Það er að stefna í það, Garðatorg er með allar þessar búðir samt. (kvk)“

„Þetta verður samt aldrei neinn miðbær. (kvk) (1 kk sammála) „Svo eru þetta bara bílastæði. (kvk)“

## Hópur 1 (og 2) – Þjónusta Garðabæjar við barnafólk

- Mikil ánægja með leikskóla en aðeins minni með grunnskóla.
- Þarf að huga betur að sérúrræðum, til að mynda talkennslu.
- Húsakostur víða lélegur og leiktæki einnig.

Það var mikil ánægja með starfið og metnaðinn í leikskólunum. Það væri stöðugleiki í þjónustunni, viðmót starfsfólks væri gott og lítil starfsmannavelta. Það var talið bylting þegar ungbarnaleikskóli kom, það gaf val um að sleppa dagforeldrisstiginu alveg.

„Mér fannst það algjör bylting þegar það kom svona ungbarnaleikskóli, hafa þetta val að fara á ungbarnaleikskólann heldur en að vera fastur í þessu dagmömmuumhverfi. (kvk)“

„Það er reyndar ég er alveg sammála þessu. Ég held að Garðabær standi sig að mörgu leyti vel í þessu. (kk)“

„4-5 ára bekkurinn í Flataskóla frábær, aðstaðan er æðisleg. (kvk)“

Þegar þátttakendur voru beðnir að nefna eitthvað sem mætti bæta kom til umræðu að hafa talmeinafræðing.

„Mér hefur fundist í gegnum tíðina að það sé mun betra heldur en í mörgum nágrannasveitafélögum þá finnst mér stundum vanta uppá sérkennslu og þá sér í lagi talmeinakennslu. (kvk)“ (mörg sammála)

Húsakostur skólanna, og leiktæki, þótti víða orðinn lélegur og úr sér genginn, jafnvel ónýtur að mati sumra þátttakenda.

„Mér finnst hinsvegar umgjörðin og það er ekkert bara Garðabær, heldur um allt land, þessir leikskólar eru byggðir þegar ég var basically að fara á dagheimili fyrir 40 árum síðan. Þetta eru allt saman hús sem eru byggð á þessum tíma og þetta er alveg úrelt. Ég er að tala um okkur sem eru í eldri hverfunum að þurfa að nota þessa hjalla sem ég kalla. Þetta eru að mörgu leyti bara ónýt hús. Þau eru ekki up to date á neinn hátt, hvað varðar hreyfingu barnanna eða rými eða annað. Þetta er orðið mjög svo úrelt og alls ekki neitt bara í Garðabæ, heldur út um allt land. (kk)“

Sumum finnst of mikil áhersla lögð á Stjórnuna þegar kom að íþrótt og æskulýðsstarfi, að ekki sé nægilegt val íþrótt í Garðabæ eða annarskonar valmöguleikar á námskeiðum.

### Hópur 3 – þjónusta Garðabæjar við fatlað fólk

- Erfitt að sækja þjónustuna. Lýsing á úrræðum góð en framkvæmdin léleg. Þátttakendur tóku hvað sterkast til orða þegar fjallað var um þessa þjónustu á heildina litið í rýnihópunum.
- Þátttakendur sammála um velvilja starfsfólks en það sé veruleg undirmönnun.
- Húsnæðismál fyrir fatlaða var talið mikið vandamál sem ekki væri lausn á í sjónmáli.

Algengast var að fólk nefndi að það þarf að sækja sér upplýsingar um þjónustuna sjálfur og að enginn réttir manni neitt nema maður hafi verulega fyrir því. Þátttakendur lýstu að þurfa að finna úrræðin og starfsfólk til að sinna þeim og frekjast sjálfur í málum. Bærinn hafði ekki frumkvæði að því að finna manneskjur í verkin.

„Það er auðvelt að fá stuðning í leikskóla ef maður er með greiningar. Stuðning í skóla. Það getur verið erfitt að fá til dæmis talþjónustu það er reyndar allsstaðar, ég veit að það er, það er bara vandamál. Núna erum við að reyna að fá þjónustu fyrir sumarið. Það er sem sagt, skólinn er fínn, svo koma 10 vikur, og maður þarf bara einhvernvegin að bjarga því og við vitum ennþá ekkert. Skólinn hættir eftir nokkra daga og við vitum ekkert hvað gerist. Og það er eitt af þessu sem ég vona að einhver sé að vinna í málinu. Annars hringir maður bara, og hringir, og hringir og manneskjan er aldrei við og tekur ekki símann. (kvk)“

Þegar málaflokkurinn fór yfir í Garðabæ þá var ekkert þar reiðubúið að sinna honum að mati þátttakenda. Mikið af þjónustunni fari fram í öðrum sveitarfélögum eins og Kópavogi, Hafnarfirði og svo framvegis. Mátti lesa í ummæli þátttakenda að Garðabær vilji bara standa straum af kostnaði við að sækja þjónustu annað en ekki veita hana í Garðabæ.

Einn þátttakandi var sérstaklega óánægður með þjónustuna varðandi húsnæðismálin. Þar gerist ekkert. Ekkert byggt.

Það virðist þurfa að bæta við starfsfólki. Aðallega einn starfsmaður að sinna málum fatlaðra miðað við upplifun þátttakenda og erfitt að ná af starfsmanninum. Lýstu að gott væri að tala við hana en það væri ekki bjóðandi fyrir þá sem nýta þjónustuna að þurfa bíða eftir þjónustu í til dæmis veikindaleyfum.

*„Mér finnst eiginlega að það gangi mjög vel að fá þjónustuna ef að þú kemur með lausnina. Ef að þú ert komin með manneskju til þess að taka að sér eitthvað verkefni eins og liðveislu eða stuðningsfjölskyldu eða veist nákvæmlega hvað það er sem þú ert að biðja um eða hvað barninu þínu vanhugar um eða hvaða aðstoð þú þarft, þá finnst mér alltaf tekið ofboðslega vel í það að fá þá þjónustu. En þú þarft eiginlega að vita nákvæmlega hvað það er sem að þú ert að biðja um og þú þarft helst að framkvæma helminginn af því. (kvk)“*

Það var rætt um að ekki væri staðið nægilega að þjálfun starfsfólks til þess að taka á móti börnum með fötlun. Það þyrfti að stuðla að því að til dæmis einhverf börn geti tekið þátt í íþróttastarfi og ekki síst á sumrin. Þá var talað um að þegar skólanum sleppir, þá eru einu úrræðin fyrir fötluð börn einkarekin. Hvergi breytist frístundaheimili í leikjanámskeið í Garðabæ.

*„Það er mjög mikið íþróttastarf í bænum. Og mikið lagt í það. Og ég held að krakkar eins og strákurinn minn gætu fengið miklu meira út úr því ef það væri einhver svona leiðsögn fyrir fólkið sem er að vinna í þessu. Af því að hann er alltaf velkominn, það er bara "já, já. Það er ekkert mál", ekkert vandamál sko. Svo bara er enginn sem veit hvað hann er að gera og hann veit aldrei hvað er í gangi. Hann er búinn að prófa allar íþróttir mörgum sinnum en hann veit bara aldrei neitt hvað er í gangi því það er enginn semað segir honum það og bendir honum á, þúveist "við erum að skjóta á markið þarna megin öll". (hlátur) (kk)“ (mörg sammála)*

Úrbótatillögur:

Ráða fólk, byggja undir liðveislu og stuðningsfjölskyldur, slá öðrum sveitarfélögum við.

Að verða það sveitarfélag sem býður besta þjónustu fyrir fatlað fólk.

Að bjóða börnum sem búa í Garðabæ, þjónustu í Garðabæ.

Að byggja tvö íbúðasambýli og verndaðan vinnustað.

Árlegur fundur fyrir t.d. foreldra einhverfra barna til að bæta upplýsingaflæði.

## Hópur 4 – Þjónusta Garðabæjar við aldraða

- Áreiðanleiki heimaþjónustu (mæting starfsfólks) var lítill heilt yfir en gekk aðeins betur þegar Garðabær sinnti henni.
- Upplýsingagjöf ekki talin nægilega góð og kallað eftir meiri upplýsingum í bréfpósti og kynningarfundum.
- Þá var talað um að húsnæði í Jónshúsi væri löngu sprungið og þyrfti að laga það.

Þátttakendur lýstu mismunandi reynsla af fólki frá ISS og Sinnum, einnig frá Garðabæ, þar sem rauði þráðurinn var að ekki væri hægt að stóla á þá tíma sem viðkomandi ætlaði að mæta. Það skapaði óánægju því þátttakendur voru að skipuleggja sínar fari eftir því hvenær starfsmaðurinn ætlaði að mæta.

„Það má laga skilyrðislaust heimaþjónustuna og koma meiri reglu á hana. Þetta er vont fyrir okkur að það sé komið aðra vikuna á fimmtudegi og hina þriðjudegi og svo þegar maður fær sms um að það komi engin í dag. En það virðist vera regla hjá þeim að það eigi að mæta hjá mér á fimmtudögum en það er ekkert farið eftir því hjá ISS. Það virðist vera sambandsleysi þar. (kk)“

„Það vantar meiri reglu á þetta (kvk)“

Flest voru þá ánægð með hvernig þrifin væru þegar starfsmaður var mættur og sumir þátttakendur voru ánægðir með áreiðanleikann en þeir voru færri en þeir óánægðu.

„Ég er í rauninni nýlega farin að þiggja þessa þjónustu. En mér líkaði þetta eina skipti sem hún er búin að koma að þrífa rosalega vel. Það kom með gleðilega á óvart hversu vel þetta var gert. (kvk)“

„Það er stúlka sem kemur hálfsmánaðarlega frá ISS. Ég er ekki fullkomlega ánægð. Þær eru náttúrulega afskaplega misjafnar. Það er í lagi því ég óska eftir því hvað ég vil að þær geri í hvert skipti sem það kemur ný manneskja, sem er ansi oft. Nú er ég með eina sem ég næ ekki nokkru sambandi við. Ég er búin að bjóða henni 4-5 tungumál en hún kann ekki neitt. Þetta er ekki að gera sig. En sumar sem ég hef verið með hafa verið þrýðilegar og ekkert vandamál að tjá sig við þær. Jafnvel orðið vinkonur mínar. Mér finnst ekki hægt að bjóða upp á manneskju sem talar ekkert nema pólsku. (kvk)“

„Ég er með frá þjónustu frá Sinnum. Það er alltaf sama manneskjan þangað til hún hættir störfum. Ef það kemur afleysing þá er það líka fínt. Ef það klikkar eitthvað þá er maður látinn vita. Alveg til fyrirmyndar finnst mér. (kk)“

Jónshús var talið of lítið og illa hannað og þar væri ekki hægt að halda kaffisamsæti. Þátttakendur töldu að það vantaði stærra húsnæði fyrir uppákomur.

„Jónshús, þetta er svo alltof lítið og illa hannað. Ég er í kór og við erum í vandræðum með að syngja þarna. Þessir snúa hingað og aðrir þangað. Kórstjórnandinn heyrir ekki í okkur. Okkur líður illa þarna. Þetta er allt of lítið ef eitthvað er um að vera þá kemst fólk bara ekki þangað inn. Yfirleitt ef það er eitthvað um að vera í Jónshúsi, eins og vorkaffi eða handverksýningin, jólagleðin, vorgleðin þá kemst fólk ekki inn. Í eitt skiptið á ári þá er farið út í Sjálandsskóla því það voru á þriðja hundrað manns og það var uppselt. Það komast kannski hundrað manns í Jónshús. (kvk)“

„Það var skemmtum þarna um daginn og ég fór hálf tíma fyrr en það var setið í öllum stólum.  
(kk)“ „Já ég fékk ekki stól. (kvk)“

Þá var rætt um að það þyrfti að vera hægt að ganga í íþróttahúsum, sérstaklega yfir vetrartímann, líkt og í nágrannasveitarfélögunum og bjóða eldri borgurum upp á íþróttastyrk.

Lykilatriði í hópnum var að Garðabær mætti bæta verulega upplýsingagjöf sína um þjónustu til eldra fólks, bæði hvað varðar þá þjónustu sem er í boði, en einnig til þeirra sem eru að þiggja þjónustuna, þ.e. hvað er innifalið og hvað ekki. Margir í hópnum komu af fjöllum varðandi nefnda þjónustubætti, það eru því augljós úrbótatækifæri í upplýsingagjöf.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026